# Balsamterpentína

## Leysiefni




### Efnislýsing

Balsamterpentína er rokgörn kjarnaolía unnin úr barrtrjám. Balsamterpenína er blanda af hringlaga terpena vetniskolefni, aðallega α-pinen ($C_{10}H_{16}$). Hún inniheldur, líkt og tjaran, marga efnisþætti sem tréð þarfnast til að vernda sig sem best.

### Notkun

Balsamterpetína er leysiefni sem brotnar niður í náttúrunni og er notað til að þynna trétjöru, línolíu, málningu o.fl. Efnið leysir líka fitu og óhreinindi af flötum sem skal mála. Balsamterpentína þrífur  vel og er sótthreinsandi, en hún er laus við vatn og útfellingar.

Þegar bera skal á við má nota gamla uppskrift sem segir að blanda skuli þriðjungi af balsamterpentínu á móti þriðjungi af trétjöru og þriðjungi af soðinni eða hrárri línolíu. Þegar balsamterpentína er notuð til að þynna litaða tjöru verður flöturinn fyrr snertiþurr og mattur.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Suðupunktur:** 150° - 180°C
**Tegund:** Jurtaterpentína
**Litur:** Litlaus, rokgjarn vökvi
**Umbúðir:** 1L
**Varúð:** Eldfimt, ertandi og hættulegt við inntöku. Eitrað fyrir vatnalíf.

### Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað.

Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

SÉREFNI Dalvegur 32b, 201 Kópavogur | sími 517 0404 | serefni.is